Nr. 406 12. apríl 2021

# REGLUGERÐ

**um (25.) breytingu á reglugerð nr. 560/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 65. tölul., svohljóðandi:

65. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/460 frá 16. mars 2021 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Úkraínu í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu.

2. gr.

Ofangreind framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. apríl 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/460**

**frá 16. mars 2021**

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Úkraínu í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu**

**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis ([1]), einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. mgr.), 8. gr. (4. mgr.) og 9. gr. (4. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum ([2]), einkum 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (2. mgr.) og 25. gr. (2. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 ([3]) er mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings gegnum það, þ.m.t. geymslu á meðan á umflutningi stendur, á alifuglum og alifuglaafurðum (hér á eftir nefndar vörurnar). Þar er kveðið á um að vörurnar megi einungis flytja inn til Sambandsins og umflytja gegnum það frá þeim þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hólfum sem skráð eru í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka við hana.

2) Í reglugerð (EB) nr. 798/2008 er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf geti talist laust við alvarlega fuglainflúensu (HPAI).

3) Úkraína er skráð í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 sem þriðja land þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum er leyfður frá tilteknum hlutum yfirráðasvæðis þess, háð því hvort alvarleg fuglainflúensa sé fyrir hendi. Þessi svæðaskipting var sett fram í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/352 ([4]), í kjölfar staðfestingar á uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu af undirgerð H5N8 19. janúar 2020.

4) Í kjölfar uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu innleiddi Úkraína niðurskurðarstefnu til að verjast sjúkdómnum og hefta útbreiðslu hans. Að auki lauk Úkraína við nauðsynlegar hreinsunar- og sótthreinsunarráðstafanir eftir framkvæmd niðurskurðarstefnu á alifuglabúinu þar sem uppkoma alvarlegrar fuglainflúensu var staðfest í janúar 2020. Úkraína hefur lagt fram uppfærðar upplýsingar um faraldsfræðilegar aðstæður á yfirráðasvæði sínu og til hvaða aðgerða hún hefur gripið, sem framkvæmdastjórnin lagði mat á, til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu alvarlegrar fuglainflúensu.

5) Á grundvelli matsins var komist að þeirri niðurstöðu að þessi uppkoma væri yfirstaðin og að engin áhætta tengist flutningi á alifuglavörum inn til Sambandsins frá þeim svæðum í Úkraínu sem eru tilgreind í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 en innflutningur þaðan var stöðvaður tímabundið með þeirri reglugerð, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/352.

6) Hinn 4. desember 2020 staðfesti Úkraína hins vegar að alvarleg fuglainflúensa af undirgerð H5 væri fyrir hendi á alifuglabúi á yfirráðasvæði landsins. Vegna þessarar staðfestu uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu er ekki lengur hægt að líta svo á að allt yfirráðasvæði Úkraínu sé laust við sjúkdóminn og heilbrigðisyfirvöld á sviði dýra og dýraafurða í Úkraínu geta því ekki lengur vottað sendingar af alifuglavörum fyrir innflutning til Sambandsins eða umflutnings um Sambandið frá þeim svæðum sem uppkoman hefur áhrif á. Í kjölfar þessarar uppkomu staðfesti Úkraína frekari uppkomur alvarlegrar fuglainflúensu af undirgerð H5 á alifuglabúum á yfirráðasvæði sínu.

7) Heilbrigðisyfirvöld á sviði dýra og dýraafurða í Úkraínu hafa staðfest að í kjölfar uppkomunnar í desember 2020 hættu þau útgáfu vottorða fyrir sendingar af vörum, sem voru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins eða umflutnings um Sambandið, og innleiddu niðurskurðarstefnu til að verjast alvarlegu fuglainflúensunni og hefta útbreiðslu hennar.

8) Enn fremur sendi Úkraína upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar um faraldsfræðilegar aðstæður á yfirráðasvæði landsins og tilgreindi þau svæði sem takmarkanir voru settar á sem og þær ráðstafanir sem gerðar voru í landinu til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu alvarlegrar fuglainflúensu utan þessara takmörkunarsvæða. Nú hefur framkvæmdastjórnin lagt mat á þessar upplýsingar og á grundvelli þessa mats, sem og á grundvelli þeirra ábyrgða sem Úkraína veitir, ætti niðurstaðan að vera sú að takmarkanir á innflutningi til Sambandsins á sendingum af alifuglaafurðum frá svæðum þar sem áhrifa af alvarlegri fuglainflúensu gætir, þar sem heilbrigðisyfirvöld á sviði dýra og dýraafurða í Úkraínu hafa sett takmarkanir vegna núverandi uppkoma, ættu að nægja til að ná yfir þá áhættu sem tengist innflutningi á slíkum vörum til Sambandsins.

9) Því ætti að breyta færslunni fyrir Úkraínu í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til að taka tillit til núverandi faraldsfræðilegra aðstæðna í þessu þriðja landi.

10) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

Ursula VON DER LEYEN

---

(1) Stjtíð. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11..

(2) Stjtíð. ESB L 343, 22.12. 2009, bls. 74..

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtíð. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/352 frá 3. mars 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Úkraínu í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu (Stjtíð. ESB L 65, 4.3.2020, bls. 4).

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir Úkraínu í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 kemur eftirfarandi:

| **ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirráðasvæðis** | **Kóði þriðja lands, yfirráðasvæðis, svæðis eða hólfs** | **Lýsing á þriðja landi, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi** | **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir** | | **Sérstök skilyrði** | **Sérstök skilyrði** | | **Staða eftirlits vegna fuglainflúensu** | **Bólusetningarstaða vegna fuglainflúensu** | **Staða varna gegn salmonellu** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | **Fyrirmynd(ir)** | **Viðbótarábyrgðir** | | **Lokadagsetning** | **Upphafsdagsetning** | | | |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 6A | 6B | 7 | 8 | 9 |
| „UA – Úkraína | UA-0 | Landið allt | EP, E | | | | | | | |
| | UA-1 | Úkraína, landið allt að undanskildu svæði UA-2 | WGM | | | | | | | |
| | | | POU, RAT | | | | | | | |
| | UA-2 | Svæði í Úkraínu sem svarar til: | | | | | | | | |
| | UA-2.1 | Kherson Oblast (svæði) | WGM | | P2 | 30.11.2016 | 7.3.2020 | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 30.11.2016 | 7.3.2020 | | | |
| | UA-2.2 | Odessa Oblast (svæði) | WGM | | P2 | 4.1.2017 | 7.3.2020 | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 4.1.2017 | 7.3.2020 | | | |
| | UA-2.3 | Chernivtsi Oblast (svæði) | WGM | | P2 | 4.1.2017 | 7.3.2020 | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 4.1.2017 | 7.3.2020 | | | |
| | UA-2.4 | Vinnytsia Oblast (svæði), Nemyriv Raion (hérað), sveitarfélög:<br>Þorpið Berezivka<br>Þorpið Bratslav<br>Þorpið Budky<br>Þorpið Bugakiv<br>Þorpið Chervone<br>Þorpið Chukiv<br>Þorpið Danylky<br>Þorpið Dovzhok<br>Þorpið Horodnytsia<br>Þorpið Hrabovets<br>Þorpið Hranitne<br>Þorpið Karolina<br>Þorpið Korovayna<br>Þorpið Korzhiv<br>Þorpið Korzhivka<br>Þorpið Kryklivtsi<br>Þorpið Maryanivka<br>Þorpið Melnykivtsi<br>Þorpið Monastyrok<br>Þorpið Monastyrske<br>Bærinn Nemyriv | WGM | | P2 | 19.1.2020 | 20.3.2021 | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 19.1.2020 | 20.3.2021“ | | | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Þorpið Novi Obyhody<br>Þorpið Ostapkivtsi<br>Þorpið Ozero<br>Þorpið Perepelychcha<br>Þorpið Rachky<br>Þorpið Salyntsi<br>Þorpið Samchyntsi<br>Þorpið Sazhky<br>Þorpið Selevintsi<br>Þorpið Sholudky<br>Þorpið Slobidka<br>Þorpið Sorokoduby<br>Þorpið Sorokotiazhyntsi<br>Þorpið Velyka Bushynka<br>Þorpið Vovchok<br>Þorpið Vyhnanka<br>Þorpið Yosypenky<br>Þorpið Zarudyntsi<br>Þorpið Zelenianka | | | | | | | | |
| | UA-2.5 | Mykolaiv Oblast (svæði)<br>Kherson Oblast (svæði), Khersonskyi (Bilozerskyi) Raion (hérað), sveitarfélög:<br>Þorpið Tavriyske<br>Þorpið Nova zoria | WGM | | P2 | 4.12.2020 | | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 4.12.2020 | | | | |
| | UA-2.6 | Kyiv Oblast (svæði):<br>Ivankiv Raion (hérað), sveitarfélögin:<br>Þorpið Leonivka<br>Þorpið Blidcha<br>Þorpið Kolentsi<br>Þorpið Zymovyshche<br>Þorpið Rudnia-Talska<br>Þorpið Sosnivka<br>Borodianka Raion (hérað), sveitarfélögin:<br>Þorpið Koblytsia<br>Þorpið Talske<br>Þorpið Myrcha<br>Þorpið Stara Buda,<br>Þorpið Velykyi Lis<br>Þorpið Krasnyi Rih<br>Litla þorpið Mykhailivskyi | WGM | | P2 | 24.12.2020 | | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 24.12.2020 | | | | |
| | UA-2.7 | Kyiv Oblast (svæði):<br>Borodianka Raion (hérað), sveitarfélögin:<br>Bærinn Borodianka<br>Þorpið Kachaly<br>Þorpið Shybene<br>Þorpið Nebrat<br>Þorpið Nove Zalissia<br>Þorpið Berestianka<br>Þorpið Zdvyzhivka<br>Þorpið Babyntsi<br>Þorpið Buda-Babynetska<br>Bærinn Klavdiyevo-Tarasove<br>Þorpið Poroskoten<br>Þorpið Pylypovychi<br>Þorpið Nova Hreblia<br>Þorpið Vablia<br>Þorpið Druzhnia<br>Þorpið Halynka<br>Þorpið Zahaltsi<br>Þorpið Mykhailivskyi (Mykhailenkiv)<br>Landareignin „Blyzhni sady“<br>Buchanskyi Raion (hérað), sveitarfélögin:<br>Bærinn Nemishayeve<br>Þorpið Mykulychi | WGM | | P2 | 27.12.2020 | | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 27.12.2020 | | | | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Þorpið Dibrova<br>Þorpið Kozyntsi<br>Þorpið Chervona hilka<br>Þorpið Plakhtianka<br>Þorpið Myrotske<br>Hluti af bænum Vorzel sem takmarkast af götunum Bilostotskykh og Pushkina | | | | | | | | |
| | UA-2.8 | Kherson Oblast (svæði):<br>Kakhovskyi Raion (hérað), sveitarfélögin:<br>Þorpið Zaozerne<br>Þorpið Skvortsivka<br>Þorpið Maryanivka<br>Þorpið Slynenko<br>Þorpið Olhivka<br>Novotroyitskyi Raion (hérað), sveitarfélögin:<br>Þorpið Volodymyro-Ilyinka<br>Þorpið Sofiivka<br>Þorpið Katerynivka | WGM | | P2 | 29.12.2020 | | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 29.12.2020 | | | | |
| | UA-2.9 | Kyiv Oblast (svæði), borgin Kyiv:<br>Svæði sem liggur innan hrings með 10 km radíus með miðpunkt í þorpinu Hostomel í héraðinu Buchanskyi Raion og liggur réttsælis:<br>a) Norður, norð-austur, vestur, suðvestur: Kyiv Oblast (svæði), Buchanskyi Raion (hérað), sveitar-félögin: Þorpið Moshchun, bærinn Hostomel, bærinn Kotsiubynske, borgin Irpin, borgin Bucha, þorpið Horenka.<br>b) Norðaustur, austur, suðaustur suður: Svæðamörk milli svæðisins Kyiv Oblast og Obolonskyi, Podilskyi, Shevchenkivskyi Raions (héruð) í borginni Kyiv frá gatnamótunum milli gatnanna Polarna, Avtozavodska og Semena Skliarenko til gatnamótanna við göturnar Oleny Telihy og Oleksandra Dovzhenko til gatnamótanna við Peremohy Avenue | WGM | | P2 | 18.1.2021 | | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 18.1.2021 | | | | |
| | UA-2.10 | Donetsk Oblast (svæði):<br>Volnovaskyi (áður fyrr Velykonovosilkivskyi) hérað, sveitarfélögin:<br>Þorpið Vesele<br>Þorpið Fedorivka<br>til | WGM | | P2 | 3.2.2021 | | | | |
| | | | POU, RAT | | P2 | 3.2.2021 | | | | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Þorpið Skudne<br>Þorpið Dniproenerhiia<br>Bærinn Velyka Novosilka<br>Þorpið Rozdolne<br>Þorpið Novyi Komar<br>Þorpið Perebudova<br>Þorpið Novoocheretuvate<br>Þorpið Myrne<br>Þorpið Ordadne<br>Þorpið Komar<br>Þorpið Vremivka<br>Þorpið Voskresenka<br>Þorpið Vilne Pole<br>Þorpið Shevchenko<br>Þorpið Burlatske<br>Þorpið Pryvilne<br>Dnipropetrovsk Oblast (svæði):<br>Prokrovskyi hérað, sveitarfélögin:<br>Þorpið Maliivka | | | | | | | | |